

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Svínhaga. Lóðir R23-R24.*

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 15. maí 2008, breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í Svínhaga, Rangárþingi ytra.

Breytingin felur í sér að mörk lóðanna R23-R24, breytast innbyrðis. Einnig breytist göngustígur við lóð R24.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Svínhaga. Lóðir R2-R5.*

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 15. maí 2008, breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í Svínhaga, Rangárþingi ytra.

Breytingin felur í sér að mörk lóðanna R2-R5, breytast innbyrðis.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag 9 frístundahúsalóða og einnar íbúðarhúsalóðar í landi Haukadals.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings ytra á fundi sínum 19. febrúar 2009, deiliskipulag 9 frístundahúsalóða og einnar íbúðarhúsalóðar. Umrætt svæði 22 ha að stærð, er í landi Haukadals, norðan Höfðalækjar.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 23. apríl 2009.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Rúnar Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.